

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 120/2018, um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti og forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er hér með gerð eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði nr. 120/2018, um skiptingu starfa ráðherra.

1. gr.

3. gr. úrskurðarins orðast svo ásamt fyrirögn:

Dómsmálaráðuneyti.

Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir dómsmálaráðuneytið skv. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *dómsmálaráðherra*.

2. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 14. mars 2019.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.